



KENNARASAMBAND
ÍSLANDS

Tækniskólinn 
skóli atvinnulífsins

Stofnanasamningur

**Tækniskólans ehf og Kennarasambands Íslands
vegna félagsmanna KÍ við TS**

2. júní 2010

Efnisyfirlit

1.	Skilgreining	2
2.	Gildissvið	2
3.	Markmið	2
4.	Röðun starfa til launa	2
5.	Starfslýsingar	3
6.	Launaröðun kennara	3
6.1	Tímabundnir álagsþættir	3
6.1.1	Verkefnisstjórn	3
6.1.2	Endurskoðun verkefna	4
7.	Launaröðun náms- og starfsráðgjafa	4
7.1	Tímabundnir álagsþættir	4
7.2	Ákvæði um vinnutíma og orlof	5
8.	Launaröðun stjórnenda	5
8.1	Tímabundnir álagsþættir	6
8.2	Ákvæði um vinnutíma og orlof	6
9.	Samstarfsnefnd	6
9.1	Hlutverk samstarfsnefndar	6
9.2	Starfshættir samstarfsnefndar	6
10.	Meðferð ágreiningsmála	7
11.	Sáttanefnd	7
12.	Auglýsing starfa og verkefnavinnu	7
13.	Upplýsingagjöf til trúnaðarmann	7
14.	Gildistími og endurskoðun	7
Viðauki 1.	Sérstakir samningar vegna kennara um nánari útfærslur	8
Viðauki 2.	Viðmiðunarreglur vegna mats á námi og starfsreynslu	12
Viðauki 3.	Vinnureglur um mat á námi, prófgráðu og starfsreynslu.	14
Viðauki 4.	Yfirlit yfir störf og verkefnastjórnun	15
Viðauki 5.	Bókanir	16
Fylgiskjal.	Launatafla Tækniskólans	

1. Skilgreining

Kennarasamband Íslands (KÍ) og Tækniskólinn ehf (TS), gera með sér eftirfarandi stofnanasamning.

Stofnanasamningur TS og KÍ er sérstakur samningur um útfærslu gr. 1.2.1, 1.2.2, 11.3.1 og 11.3.2 í aðalkjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra frá 18. mars 2005 að þörfum skólans og starfsmanna hans með hliðsjón af eðli starfseminnar, skipulagi og/eða öðru því sem skapar skólanum sérstöðu. Stofnanasamningnum er meðal annars ætlað að tryggja þróun og stuðla að skilvirkara launakerfi sem tekur mið af þörfum og verkefnum TS og starfsmanna hans.

Að öðru leyti fer um kjör og réttindi félagsmanna KÍ við TS samkvæmt ákvæðum kjarasamnings og þeim samningum KÍ og TS sem gengið var frá í tengslum við stofnun skólans.

2. Gildissvið

Samningur þessi gildir fyrir alla félagsmenn KÍ innan TS.

3. Markmið

Markmið samningsaðila er að styðja framsækna og sveigjanlega starfsmannastefnu skólans. Starfsmönnum verði gefið tækifæri til að þróast og bæta sig í starfi og þar með auka möguleika sína á bættum kjörum. Bæta nýtingu rekstrarfjármagns, skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu og skilvirkara launakerfi.

Markmið TS er að vera leiðandi skóli á sínum sérsviðum, uppfylla alþjóðlegar kröfur samkvæmt viðurkenndum reglum og veita góða menntun með virku gæðastjórnunarkerfi, stöðugum umbótum og skipulegri uppbyggingu.


Helstu markmið eru að:

- launakerfið verði hlutlægt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum og gegnsæjum hætti og endurspegli ábyrgð, jafnræði, hæfni og vinnuumfang.
- skólinn sé eftirsóttur og góður vinnustaður.
- gefa starfsmönnum tækifæri til að vaxa og dafna í starfi.
- launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem skólanum er ætlað að sinna.
- samningurinn stuðli að því að skólinn þjóni hagsmunum nemenda og starfsmanna sem best.

4. Röðun starfa til launa

Við röðun starfa til launa skulu fyrst og fremst metin menntun, reynsla og þau verkefni og skyldur sem í starfinu felast auk þeirrar færni, kunnáttu og sérhæfingar sem krafist er. Þá skal litið til skipurits skólans eða annars formlegs starfsskipulags. Við ákvörðun um launasetningu starfs skal taka mið af matsreglum sem samstarfsnefnd TS setur.

TS hefur sjálfstæða launatöflu sem birt er á heimasíðu TS.



5. Starfslýsingar

Starfslýsingar eru ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skulu þær endurskoðaðar í takt við þróun starfa og þær kröfur sem gerðar eru til starfsins. Starfslýsingar skulu gerðar fyrir öll störf félagsmanna KÍ við TS við kennslu, ráðgjöf og stjórnun. Starfslýsingar skulu gerðar í samræmi við rekstrarhandbók og byggja á lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla, reglugerð nr. 1100/2007 um starfslið og skipulag framhaldsskóla og öðrum ákvæðum sem gilda um framhaldsskóla.

Ef félagsmaður KÍ við TS er ráðinn í nýtt starf sem liggur utan gildandi starfslýsinga í rekstrarhandbók TS skal skólinn kynna nýja starfslýsingu í samstarfsnefnd.

Viðauki með stofnanasamningi skal innihalda yfirlit yfir störf á samningssviði KÍ og starfslýsingar birtar í rekstrarhandbók.

6. Launaröðun kennara

6.1 Menntun	Einingar	Ar	Launaflokkur			Launaprep
			Grunnlaun	Loðnet	Áuka.B	Lærnet
Háskólapróf minna en 180 ECTS (90 einingar), sveinspróf eða sambærilegt próf, eða fullþægjandi fagleg launáttá í kennslugrein án lokaprófs	<180 [90]			02		
6.1.2 Mannæstararéttindi, vélstjóri 4. stigs, stýrimaður 3. stigs/ og eða 4. stigs, eða sambærilegt próf				03		
6.1.3 BA/BS próf eða sambærilegt	180 [90]			03		+1
6.1.4 BA/BS próf eða sambærilegt	240 [120]			03		+2
6.1.5 MA/MS próf eða sambærilegt	60-120 [30-60]			04		+1
6.1.6 Doktorspróf eða sambærilegt	180 [90]			04		+2
6.1.7 Heildstætt viðbótarnám eða sambærilegt	60 [30]					+1
6.1.8 Kennsluréttindi á framhaldsskólastigi					+1	
6.2 Starfsreysla						
6.2.1 Kennslureysla á grunn-, framhalds- og háskólastigi		2				+1
6.2.2 Kennslureysla á grunn-, framhalds- og háskólastigi		5				+1
6.2.3 Kennslureysla á grunn-, framhalds- og háskólastigi		10				+1
6.2.4 Kennslureysla á grunn-, framhalds- og háskólastigi		15				+1
6.2.5 Starfsreysla á atvinnuarkaði		5				+1
6.2.6 Starfsreysla á atvinnuarkaði		10				+1
6.2.7 Stjórnunareysla í framhaldsskóla í 50-100% starfskrafalli		5				+1
6.2.8 Stjórnunareysla í framhaldsskóla í 50-100% starfskrafalli		10				+1
6.2.9 Hið þrep samkvæmt viðauka 5.						+1
Mát á námi og starfsreyслу fer eftir viðauka 2 og 3.						
Kennarar sem selku ekki kennsluáslátt og héldu óbreyttu kennsluskyldu raðast 2 flokkum neðar en sambærilegir kennarar sem selku kennsluásláttina og fengu launahækkanir í staðinn, sjá ljórasamning KÍ og fjármálaráðherra 18. mars 2005.						

6.1. Tímabundnir álagsþættir

6.1.1. Verkefnisstjórn

Skólastjóra er heimilt að ráða kennara til verkefna til eins skólaárs eða skemur sem ekki er skilgreint sem starf skv. viðauka 4 við stofnanasamning. Greiðist sú vinna með yfirvinnu skv. launataxta viðkomandi kennara fyrir umsaminn tímafjölda sem ætlaður er til verkefnisins. Miðað er við að ekki sé ráðið til verkefnavinnu fyrir færri en 25 klst á önn og ekki fleiri en 150 klst á önn. Um þessa verkefnavinnu skal gera sérstakan samning við kennara er tilgreini verkefnalýsingu, ráðningartímabil, tímafjölda sem er áætlaður í verkefnið, skilgreiningu verkefnaloka og mögulega framlengingu verkefnisins. Kennari getur sagt sig skriflega frá samningi um verkefni ef hann metur umsaminn tímafjölda ekki nægan eða með endurskoðun á upphaflegum ráðningarkjörum. Samningar skulu lagðir fram í samstarfsnefnd.

TS lætur skólastjórum í té viðmiðunarreglur til að ákvarða tímafjölda til einstakra verkefna vegna nauðsynlegs samræmis milli sambærilegra verkefna og umfangs þeirra innan einstakra skóla og milli skóla TS. Viðmiðunarreglur byggja m.a. á fjölda kennara í einstökum skólum, fjölda hópa/kennslumagni og öðrum þeim atriðum sem skólastjóri ákveður. Samstarfsnefnd fær afrit af viðmiðunarreglum TS.

J. B.
J. B.
A. B.

Helstu verkþættir gætu verið:

1. Umsjón með innritun, skólagöngu og námslokum nemenda.
2. Umsjón með faglegu starfi og samstarfi.
3. Eftirlit með kennslubúnaði, tólum og tækjum.
4. Aðstoð við innkaup.
5. Áætlana- og þróunarvinna.
6. Aðstoð við starfsmannahald.
7. Aðstoð við námskrárvinnu og námsþróun.
8. Aðstoð varðandi kvöldskóla og fjarnám.

6.1.2. Endurskoðun verkefna

Ef kennari gegnir skilgreindu verkefni samhliða kennslu lengur en eitt ár samfelld skal skilgreina verkefnið sem starf og launasetningu þess samkv. samningi þessum.

Sé verkefni sambærilegt að efni og umfangi fjórar annir eða lengur og tímafjöldi um eða yfir 150 klst á önn skal samstarfsnefnd fjalla um og ákvarða hvort verkefnið skilgreinist sem starf og þá lúta þeim reglum sem um störf gilda í stofnanasamningi.

Fyrsta endurskoðun verkefna fer fram í samstarfsnefnd í lok vorannar 2010.

7. Launaröðun náms- og starfsráðgjafa

7.1	Mennntun	Einingar	Ár	Launaþekktur Lóðrétt			Launþrep
				Græn launaröðun	Menntun og starfsreynsla	Krætt	Auka. II
7.1.1	Náms- og starfsráðgjafar með fullgilda meantun			88			
7.1.2	Viðbótarnám eða sambærilegt	60 (30)					+1
7.1.3	MA/MS nám eða sambærilegt	60-120 (30-60)				+1	
7.1.4	Kennsuréttindi á frambaldsskólastigi						+1
7.2	Starfsreynsla						
7.2.1	Starfsreynsla í skólum		2		+1		+1
7.2.2	Starfsreynsla í skólum		5		+1		
7.2.3	Starfsreynsla í skólum		10		+1		
7.2.4	Starfsreynsla á atvinnumarkaði		5				+1
7.2.5	Starfsreynsla á atvinnumarkaði		10				+1
7.2.6	IR þrep samkvæmt viðauka 5						+1
	Mat á námi og starfsreynslu fer eftir viðauka 2 og 3.						

7.1. Tímabundnir álagsþættir

Skólmeistara er heimilt að gera samning við náms- og starfsráðgjafa um viðbótavinnu, byggða á starfslýsingu og samningi um ábyrgð, skyldur, álag og vinnutíma. Við ákvörðun um það hvort laun náms- og starfsráðgjafa breytast er eðlilegt að taka m.a. tillit til eftirfarandi: sérstakrar ábyrgðar, umfang starfs, fjölbreytileika verkefna, leiðsögn annarra starfsmanna, sérstaks álags, viðvarandi eða árstíðarbundins, samskipta við ráðuneyti, stofnanir og aðila utan skólans. Samningar skulu lagðir fram í samstarfsnefnd.

[Handwritten signatures and initials]

7.2. Ákvæði um vinnutíma og orlof

Árlegan vinnutíma við náms- og starfsráðgjöf innir náms- og starfsráðgjafi í Tækniskólanum svo af hendi:

- Viðverutímabil er 10 mánuðir (39 vikur) sem skal rúmast innan tímabilsins frá 15. ágúst til 15. júní ár hvert.
- Vikulegur vinnutími innan dagvinnnumarka er 40,92 klst.
- Vinnutími á 39 vikum innan dagvinnnumarka er samtals 1.596 klst (39 vikur x 40,92 klst = 1.596 klst).
- Leyfis dagar náms- og starfsráðgjafa eru þeir sömu og hjá kennurum.
- Undirbúningstími, endurmenntun og önnur ófyrirséð vinna utan dagvinnnumarka er að jafnaði á viku 3,18 klst, og á 39 vikum samtals 124 klst.
- Skólameistari og náms- og starfsráðgjafi geta samið um sveigjanleg vinnuskil utan dagvinnnumarka þegar þannig stendur á, á leyfis dögum og utan 10 mánaðanna sem lækkar þá vinnuskyldu á öðrum tímum eða þau greidd sem yfirvinna skv. reikningi.
- Után 10 mánaðanna er 6 vikna sumarleyfi og 80 klst (10 virkir dagar) til endurmenntunar að sumri.
- Skólameistari og náms- og starfsráðgjafi gera samkomulag um frítöku inni á starfstíma skóla vegna viðbótarorlofs (48 klst/6 virkir dagar).
- Gera skal vinnutímaáætlun fyrirfram fyrir hvert skólaár og yfir hana farið í lok þess.


Skýpung árlegs vinnutíma náms- og starfsráðgjafa

	klst á viku	39 vikur í klst
Vikuleg vinnuskil að jafnaði innan dagvinnnumarka	40,92	1.596
Vikuleg vinnuskil að jafnaði utan dagvinnnumarka	3,18	124
Samtals vinnuskil innan og utan dagvinnnumarka		1.720
Után 39 vikna í klst		
Endurmenntun að sumri utan 39 vikna vinnuskyldu		80
Samtals vinnuskylda á viku/án	44,1	1.800

8. Launaröðun stjórnenda

§1 Stjórnar (50% starfbætur eða meira)	% starfs	Dagleg	Launabokkur Lærdætt			Launþrep Lærdætt
			Græn	Blátt og Starfsreynsla	Auka. 9	Þrep innan Bokks
§1.1 Stjórnandi	50-75		00			
§1.2 Stjórnandi	80-100		11			
§1.3 Áfangastjóri	80-100		11			
§1.4 Aðstoðarskólameistari			12			
§1.5 Kennsluréttindi á fravahaldsskólastigi						+1
§2 Aðstoðun						
§2.1 Stjórnunarsám		60 (30)				+1
§2.2 MA/MS nám eða sambærilegt		60-120 (30-60)			+1	
§2.3 Heimstætt viðbótarnám eða sambærilegt		60 (30+)				+1
§3 Starfsreynsla						
§3.1 Stjórnunarstarf í skólum	50-100		2		+1	
§3.2 Stjórnunarstarf í skólum	50-100		5		+1	
§3.3 Stjórnunarreynsla á atvinnumarkaði			5			+1
§3.4 Stjórnunarreynsla á atvinnumarkaði			10			+1
§3.5 IR þrep sambærilegt viðauka 5						+1

Mat á námi og starfsreynslu fer eftir viðauka 2 og 3.



8.1. Tímabundnir álagspættir

Skólmeistara er heimilt að gera samning við stjórnendur um viðbótarvinnu, byggða á starfslýsingu og samningi um ábyrgð, skyldur, álag og vinnutíma. Við ákvörðun um það hvort laun stjórnenda breytast er eðlilegt að taka m.a. tillit til eftirfarandi: sérstakrar ábyrgðar, umfang starfs, fjölbreytileika verkefna, leiðsögn annarra starfsmanna, sérstaks álags, viðvarandi eða árstíðarbundins, samskipta við ráðuneyti, stofnanir og aðila utan skólans. Samningar skulu lagðir fram í samstarfsnefnd.

8.2. Ákvæði um vinnutíma og orlof

Um vinnutíma og orlof stjórnenda í meira en 50% starfi

1. Árlegur vinnutími stjórnenda í fullu starfi er 1800 klst. að frádregnu viðbótarorlofi, samanber grein 4.1.2 í kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra 18. mars 2005. Til endurmenntunar eru ætlaðar 80 klst. af þessum tíma, sbr. gr. 2.1.7.1. í kjarasamningi.
2. Vinnuskylda stjórnenda er 40 stundir á viku fyrir utan orlofstíma að því marki sem þeim eru falin stjórnunarstörf, samanber þó grein 2.1.2 í kjarasamningi.
3. Stjórnendur í fullu starfi skila vinnu sinni á tímabilinu ágúst til júní samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólameistara sem endurskoðað er við upphaf hvers skólaárs. Í þessu samkomulagi skal m.a. tilgreint hvernig stjórnendur nýta þann tíma sem þeim er ætlaður til endurmenntunar.
4. Stjórnendur í hlutastarfi skulu eiga þess kost að skila vinnu sinni á tímabilinu 15. ágúst til 15. júní samkvæmt sérstöku samkomulagi við skólameistara. Í þessu samkomulagi skal m.a. tilgreint hvernig stjórnendur nýta þann tíma sem þeim er ætlaður til endurmenntunar.
5. Stjórnendur skulu taka sumarorlof á tímabilinu 1.6 til 31.8 verði því við komið. Náist ekki fullt orlof samkv. gr. 4.1. í kjarasamningi á þessu tímabili er heimilt að taka það sem vantar á fullt orlof á tímabilinu 1.9 til 31.5 samkvæmt nánara samkomulagi við skólameistara.
6. Sé orlof tekið á tímabilinu 1.9 til 31.5 skulu stjórnendur leysa hver annan af án sérgreiðslu að því er stjórnunarstörf varðar.
7. Að öðru leyti gilda ákvæði 4.7. í kjarasamningi um frestun orlofs.

9. Samstarfsnefnd

9.1. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd annast gerð, endurskoðun og breytingar á stofnanasamningi sbr. gr. 11.3. í kjarasamningi fjármálaráðherra og KÍ. Þar skal og samið um röðun starfa skv. 25. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Nefndin skal einnig fjalla um ágreiningsmál sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings. Gögn sem tengjast framkvæmd stofnanasamnings skulu kynnt á næsta fundi samstarfsnefndar.

9.2. Starfshættir samstarfsnefndar

Fulltrúar í samstarfsnefnd geta óskað eftir endurskoðun stofnanasamnings verði umtalsverðar breytingar á forsendum hans. Sem dæmi um breytingar á forsendum má nefna breytingar í miðlægum kjarasamningi og breytingar á umfangi, hlutverki eða starfsemi stofnunar. Hvor aðili um sig getur kallað nefndina til starfa. Skal metið hvort forsendur hafi breyst þannig að ástæða sé til að gera breytingar á honum. Koma skal á samstarfsnefndarfundum svo fljótt sem audið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Fella skal þær breytingar sem gerðar eru hverju sinni inn í gildandi stofnanasamning og staðfesta hann þannig breyttan. Að jafnaði skal stofnanasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.

Náist ekki samkomulag í nefndinni vegna gerðar og/eða endurskoðunar stofnanasamnings innan þriggja mánaða frá því að málið kemur til meðferðar á vettvangi hennar, getur hvor aðili um sig óskað eftir því að sérstök sáttanefnd skipuð fulltrúum TS og KÍ fjalli um málið.

10. Meðferð ágreiningsmála

Hvor aðili um sig getur skotið ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar stofnanasamnings til samstarfsnefndar. Beina skal erindi til gagnaðila með skriflegum hætti. Gagnaðili skal koma á samstarfsnefndarfundi svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Samstarfsnefnd skal svara erindi innan 5 vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Verði samstarfsnefnd sammála um breytingar á launasetningu eða öðru því sem til hennar hefur verið vísað, skal sú breyting gilda frá og með næstu mánaðarmótum eftir að erindið var fyrst formlega borið fram í nefndinni nema annað sé sérstaklega ákveðið.

11. Sáttanefnd

Sáttanefnd skal skipuð fjórum fulltrúum. TS og KÍ tilnefna hvor um sig tvo fulltrúa og tvo til vara. Sáttanefnd skal taka fyrir þau mál sem til hennar er vísað. Ákvarðanir sáttanefndar skulu taka mið af fjárheimildum skólans. Nefndinni er heimilt að taka til umfjöllunar mál er varða stefnumarkandi tülkanir og álitaefni er snerta framkvæmd og þróun kjarasamninga. Beina skal erindum til sáttanefndar með skriflegum hætti. Sáttanefndarfundi skal koma á svo fljótt sem auðið verður en þó ekki síðar en fjórum vikum eftir að erindið berst. Sáttanefnd skal svara erindum innan fimm vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar. Nefndin setur sér að öðru leyti starfsreglur.

12. Auglýsing starfa og verkefnavinnu

Öll störf á sviði kennslu, ráðgjafar og stjórnunar skulu auglýst opinberlega eftir því sem lög og reglur kveða á um. Verkefnastjórn/verkefnavinna skal auglýst innan Tækniskólans með tölvupósti og á auglýsingatöflu í skólanum þar sem fram koma verkþættir, ráðningartími og kjör.

13. Upplýsingagjöf til trúnaðarmanna

Skólinn skal gefa trúnaðarmanni upplýsingar um auglýst störf á vinnustaðnum sem falla undir samningssvið KÍ og samninga um verkefnastjórn. Jafnframt skal trúnaðarmaður hafa aðgang að upplýsingum um ráðningarkjör og umsækjendur.

14. Gildistími og endurskoðun


Stofnanasamningurinn gildir frá 1. júlí 2010 og fylgir breytingum og fyrirvörum sem í miðlægum kjarasamningi felast.


Reykjavík 2. júní 2010

Adalheiður Steinþórunn d. 


Kennarasamband Íslands

Tækniskólinn ehf


Þórunn Þorvörðsson




Sigrún Ágústsdóttir


Sigrún Ágústsdóttir

Viðaukar með ofangreindum samningi:

Viðauki 1. - Sérstakir samningar vegna kennara um nánari útfærslur og skilgreiningar.

- 1.1 Samningur um fjarkennslu
- 1.2 Samkomulag um hópastærðir og greiðslu hópaálags
- 1.3 Álagsgreiðslur vegna kennslu í sérdeild skv. bókun 9 í kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 18. mars 2005
- 1.4 Samkomulag samstarfsnefndar Tækniskólans um almenn umsjónarstörf kennara með nemendum

Viðauki 2. - Viðmiðunarreglur vegna mats á námi og starfsreynslu

Viðauki 3.- Vinnureglur um mat á námi, prófgráðu og starfsreynslu

Viðauki 4. - Yfirlit yfir störf og verkefnastjórnun

Viðauki 5. - Bókanir

Fylgiskjal: Launatafla Tækniskólans

Handwritten signatures and initials: RJA, JNB, ASH, and a large signature.

Viðauki 1.**Sérstakir samningar vegna kennara um nánari útfærslur og skilgreiningar.****1.1. Samningur um fjarkennslu.**

1. Þeir kennarar sem taka að sér kennslu í fjarnámi eiga kost á námskeiði í notkun vefumhverfis.
2. Allir kennarar sem aðlaga áfanga að netnámi fá eingreiðslu kr. 10.000 – fyrir hverja einingu.
3. Kennsla verður greidd samkvæmt eftirfarandi reglu:

$$K=R1/V1*e^{2*t1}+R2/V2*e^{2*t2}+R3/V3*e^{2*t3*1,2}$$

K=kennslustundir í áfanga

R=Fjöldi nemenda

V=Viðmiðunartala vegna nemendafjölda

e=einingar

2=kennslustundir

t1=1.-4.vika

t2=5.-15.vika

t3=16.-18.vika

Viðmiðunartala vegna nemendafjölda tekur mið af hversu marga nemendur kennari hefur haft áður í sama áfanga.

8 nemendur eða færri gefa viðmiðunartöluna 8

9-15 nemendur gefa viðmiðunartöluna 11

fleiri en 15 nemendur gefa viðmiðunartöluna 14

Við ákvörðun fjölda kennslustunda í fjarkennslu er tekið mið af eftirfarandi:

- Fjölda nemenda sem skráðir eru í áfangann. (t1)
- Fjölda nemenda sem ekki hafa sagt sig formlega úr áfanga eftir fjórar vikur. (t2)
- Fjölda nemenda sem taka próf, eða ljúka námi á annan hátt. (t3)
- Miðað er við skráningu nemenda í INNU.

Þegar fjórar vikur eru liðnar af önninni er fjöldi greiddra kennslustunda endurskoðaður með hliðsjón af hugsanlegum breytingum á fjölda skráðra nemenda.

Hafi fjöldi nemenda í áfanganum breyst er kennslustundafjöldi breytt í sama hlutfalli.

Kennari fær þó aldrei færri kennslustundir greiddar en sem nemur helmingi upphaflegs kennslustundafjölda.

Um annað er lýtur að kjörum kennara í fjarkennslu gilda ákvæði kjarasamnings KÍ/framhaldsskóla og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Samkomulag er um að endurskoða þennan samning fyrir haustönn 2010.

1.2. Samkomulag um hópastærðir og greiðslu hópaálags

Samstarfsnefnd Tækniskólans gerir með sér eftirfarandi samkomulag um hópastærðir í dagskólanámi og greiðslu hópaálags vegna umframmemenda í hópum:


1. Miðað er við hámarksfjölda nemenda í námshópum skv. 2. gr. auglýsingar nr. 4/2001 um 12 nemendur í verknámshópum, 15 nemendur í list-, tölvufræði- og fagbóklegum hópum og 25 nemendur í almennum bóklegum greinum. Einnig er miðað við 15 sem hámarksfjölda í námshópum sem stunda nám sem er í ætt við „almennar námsbrautir“ framhaldsskóla. Hér er átt við námshópa á nýbúabraut, og í fornámi (með áfanganúmerið 19-XXX).
2. Þegar aðstæður eru slíkar að fjölga þarf í hópum er miðað við að fara ekki umfram 15 nemendur í verknámshópum, 18 nemendur í list-, tölvufræði- og fagbóklegum hópum, 31 í almennum bóklegum greinum og 18 í námshópum á almennri braut. Skólinn beiti heimildum til að fjölga í hópum aðeins í undantekningartilvikum. Leitað skal samþykkis viðkomandi kennara við þessar aðstæður. Skólinn leitast við að fara ekki umfram mörkin (15-18-31-18).
3. Ef kennari samþykkir að sinna fleiri nemendum en (15-18-31-18) skal greiða kennara sérstaklega fyrir það, sbr. 5. gr. þessa samkomulags.
4. Greiðsla hópaálags byggir á fjölda nemenda í hópum eins og hann er í INNU við lok fjórðu kennsluvíku. Greiðsla hópaálags fer fram einu sinni á miðri önn.
5. Hópaálag greiðist þannig.
 - a) Fyrir 1. nemanda umfram mörkin (15 – 18 – 31 – 18) skal greiða 10% álag.
 - b) Fyrir fleiri umframmemendum en einn skal greiða 3,3% á hvern nemanda.

1.3. Álagsgreiðslur vegna kennslu í sérdeild skv. bókun 9 í kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra f.h. ríkisjóðs 18. mars 2005.

Greiða skal álag vegna kennslu í sérdeild, þ.e. 17% ef nemendur eru þrír eða fleiri, 12% ef nemendur eru tveir og 6% ef um einkatíma er að ræða.

1.4. Samkomulag samstarfsnefndar Tækniskólans um almenn umsjónarstörf kennara með nemendum

1. Skilgreining almennra umsjónarstarfa kennara byggir á 7. gr. reglugerðar nr. 1100/2007 um starfslið og skipulag framhaldsskóla.
2. Almenn umsjón:
 - Allir kennarar í ½ starfi eða meira hafa almenna umsjón með hópi nemenda.
 - Að jafnaði skal hver kennari sinna 16 nemendum með frávik uppá + þrjá nemendur.
 - Kennarar hafa að jafnaði almenna umsjón með nemendum sem þeir kenna, hafa kennt eða eru af þeim námsbrautum sem þeir kenna mest á.
 - Kennarar haldi sínum nemendahópi milli anna eins og kostur er nema að nemandi hverfi af námsbraut.
3. Kennarar annast, taka þátt í og bera ábyrgð á eftirfarandi:
 - Að skrá fjarvistir nemenda sinna sem þeir kenna í INNU.
 - Að sinna almennri upplýsingagjöf um ástundun og nám nemenda sinna til náms- og starfsráðgjafa og/eða til skólastjóra.
 - Að hafa vikulegan fastan viðtalstíma sem samsvarar einni 40 mínútna kennslustund fyrir nemendur/forráðamenn þeirra þar sem þeir geta leitað til kennarans.
 - Í viðtalstíma ræðir kennari við nemanda með hliðsjón af GAT-039, sem þeir undirrita að loknu samtali og kennari skilar til skólastjóra.
 - Sértekum málefnum nemenda vísar kennari til náms- og starfsráðgjafa.
4. Kennari fer yfir námsval umsjónarnemenda sinna og staðfestir valið í INNU. Í lok val tímabils er kennurum skapaður viðbótartími til að ganga frá námsvali nemenda.



Viðauki 2.**Viðmiðunarreglur vegna mats á námi og starfsreynslu félagsmanna KÍ í TS****1. Almenn**

Við mat á prófgráðum og sambærileika þeirra skal hafa viðmið í flokkun *prófaskrár í Kennaraskrá ríkis og sveitarfélaga*, dags. 1.8.1997, í *auglýsingu menntamálaráðuneytis yfir viðurkenndar prófgráður* og í samþykktum samstarfsnefndar TS.

Félagsmenn KÍ í TS eiga rétt á því að fá sundurliðaðan og skriflegan rökstuðning vinnuveitanda fyrir mati á grunnnámi, viðbótarnámi og starfsreynslu sem launaröðun viðkomandi byggist á. Rísi ágreiningur um mat á grunnnámi, viðbótarnámi og starfsreynslu skal samstarfsnefnd TS úrskurða um ágreiningsefnið. Heimilt er að leita til sáttanefndar KÍ og TS ef ekki fæst niðurstaða í samstarfsnefnd. Leita má eftir utanaðkomandi sérfræðialiti um eðli og umfang náms og sambærileika þess við íslenskar prófgráður.

2. Mat á grunnnámi

Grunnnám, skv. stofnanasamningi TS, telst það nám vera sem gengur lengst að eðli og umfangi.

Við mat á mastersnámi sem kemur til viðbótar grunnnámi og eftir atvikum starfsreynslu, eða sambærilegu námi, skal miðað við að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt að lágmarki til að viðkomandi raðist í launaflokk/prep:

a. Að hafa lokið 60-120 ECTS eininga mastersnámi til viðbótar við *fagnám á framhalds- og háskólastigi sem er metið til a.m.k. 148 stiga*, skv. *prófaskrá Kennaraskrár ríkis og sveitarfélaga*, dags. 1.8.1997.

b. Að hafa lokið *háskólanámi* með prófgráðu, sem er metin til a.m.k. 202 stiga, skv. *prófaskrá Kennaraskrár ríkis og sveitarfélaga*, dags. 1.8.1997.

c. Að hafa lokið a.m.k. 60-120 ECTS eininga mastersnámi til viðbótar við *fagnám ásamt starfsreynslu*, sem kemur í stað fyrstu háskólagráðu (a.m.k. BA/BS 180 ECTS eða sambærilegt).

Undir þetta getur fallið:

- *Iðnmeistari* sem jafnframt hefur a.m.k. 5 ára viðurkennda starfsreynslu á vinnumarkaði sem iðnmeistari á viðkomandi fagsviði.

- *Háskólapróf minna en 90 eininga, sveinspróf eða fullnægjandi fagleg kunnátta í kennslugrein án lokaprófs*, sem jafnframt hefur a.m.k. 10 ára viðurkennda starfsreynslu á vinnumarkaði á viðkomandi fagsviði.

- Uppfylli þeir sem falla undir c-lið ekki framangreind skilyrði um undanfarandi fagnám og/eða starfsreynslu, skal viðkomandi raðast einum launaflokki hærra en launaröðun fyrir undanfarandi grunnmenntun segir til um þar til viðeigandi skilyrði fyrir röðun eru uppfyllt.

Þegar tilvik falla ekki að liðum a., b. og c. hér á undan skal samstarfsnefnd fjalla um mat á mastersnámi og/eða sambærilegu námi og kveða nánar á um launaröðunarforsendur.

Grunnnám og starfsreynsla, sem telst vera hluti af mastersnámi, sbr. liðir a., b. og c. hér að framan, kemur ekki til álita aftur við launaröðun. Leita má eftir utanaðkomandi sérfræðialiti um eðli og umfang náms og sambærileika þess við íslenskar prófgráður.

LA
 Jón Björnsdóttir

3. Mat á viðbótarnámi

Viðbótarnám, telst það nám vera, sem viðkomandi lýkur frá viðurkenndri skólastofnun og sem ekki skarast við eða er hluti af grunnnámi og sem er skipulagt sem ein heild. Umfang viðbótarnáms miðast við að það sé að lágmarki fullt nám í eitt ár/tvær annir, þ.e. a.m.k. 60 einingar (ECTS) á háskólastigi eða a.m.k. 30 einingar (frhsk.ein.) á framhaldsskólastigi.

Við mat á viðbótarnámi skulu höfð viðmið í flokkun prófaskrár í Kennaraskrá ríkis og sveitarfélaga, dags. 1.8.1997, eða í sérstökum samþykktum samstarfsnefndar TS. Í þeim tilvikum þegar nám er ekki skilgreint í einingum skal miða við að tveggja eininga (ECTS) nám á háskólastigi sé ígildi einnar viku í vinnu (40 klukkustundir), þ.e. í kennslustundum, undirbúningi og skipulegri þjálfun.

Viðmiðanir menntamálaráðuneytis gilda um mat á námi og starfsnámi á framhaldsskólastigi. Nám gefið upp í klukkustundum skal umreiknað í kennslustundir og einingar. Nám í mánuðum og árum skal umreiknað í vikur og einingar.

Starfsþjálfunartími, sem er hluti af viðbótarnámi, telst að fullu til námstíma.

Nám að baki tiltekinni prófgráðu skal metið jafnt, óháð aldri prófgráðunnar, ef réttindin sem prófgráðan veitir halda gildi sínu.

Nám sem viðkomandi hefur lokið og telst vera á sama eða skyldu fagsviði og grunnnám viðkomandi flokkast undir, en sem er á lægra skólastigi og/eða gengur skemur, heldur en grunnnámið gengur, og er jafnframt ekki hluti af eða forsenda grunnnámsins, kemur ekki til álita fyrir launaröðun vegna viðbótarnáms.

Við mat á námstíma skal miða við að vikmörk fari ekki yfir 12%.

4. Mat á starfsreynslu

Öll starfsreynsla sem nýtist í starfi á framhaldsskólastigi og sem er ekki hluti af því námi sem leiðir til grunnröðunar, eða annarri viðurkenndri menntun, kemur til álita.

Starfsreynsla verður að tengjast fagsviði eftir að námi lýkur eða starfsréttinda er aflað, ella geri umsækjandi sérstaka grein fyrir hvernig hún nýtist í starfi. Eitt ár eftir sveinspróf er hluti af iðnmeistararéttindanámi. Fyrir árið 1989 eru þó tvö ár eftir sveinspróf hluti af iðnmeistararéttindanámi.

Ekki er hægt að ávinna sér samtímis kennslureynslu og starfsreynslu í atvinnulífi. Staðfesta skal eðli og umfang starfsreynslu með skriflegum gögnum.

Starfstími í 50% starfi eða hærra hlutfalli er metinn til jafns við fullt starf. Þegar heildartími starfsreynslu er metinn skal miða við að vikmörk fari ekki yfir 12%.

Viðauki 3.**Vinnureglur um mat á námi, prófgráðu og starfsreynslu félagsmanna KÍ í TS****1. Umsóknargögn**

Einungis staðfest frumgögn og staðfestar upplýsingar um nám eru tekin gild. Einungis þau gögn sem umsækjandi lagði sjálfur fram með umsókn sinni koma til álita auk upplýsinga úr Kennaraskrá (sem lokað var á árinu 2001).

2. Nýting náms til launaröðunar

Viðkomandi getur einungis nýtt sér ákvæði um viðbótanám einu sinni óháð því hvort hann hafi meira nám fram að færa.

3. Viðmið í stigagjöf prófaskrá Kennaraskrár og vikmörk

Kennaraskrá metur 60 ECTS eininga/hásk. UK-nám til 23 stiga.

50 ECTS ein./hásk. og 30 ein./frhsk. jafngilda því 19 stigum +/- 12% vikmörk.

Reiknað er með 12% vikmörkum vegna tilskilins 50 ECTS hásk./30 frhsk. einingafjölda. Með 12% vikmörkum ná því 17 stig að uppfylla lágmarksviðmið.

4. Mat tæknifræðináms og iðnmeistaránáms

Tæknifræðipróf (t.d. danskt, sænskt og norskt) er metið til 170 stiga.

Tæknifræðipróf ásamt iðnmeistararéttindum er metið til 175 stiga, auk +12 stiga fyrir starfsþjálfun verkgreina, skv. Kennaraskrá ríkis og sveitarfélaga, dags. 1.8.1997.

Iðnmeistaránám tæknifræðings gefur því samtals 17 stig (5 stig + 12 stig), sem er innan vikmarka um lágmarksumfang viðbótarnáms (17 stig).

5. Mat tæknifræðináms og sveinsprófs á skyldu fagsviði og meðferð starfsreynslu

Tæknifræðipróf (t.d. norskt) er metið til 170 stiga.

Tæknifræðipróf ásamt sveinsprófi er einnig metið til 170 stiga, auk 12 stiga fyrir starfsþjálfun verkgreina, skv. Kennaraskrá ríkis og sveitarfélaga, dags. 1.8.1997.

Sveinsnám tæknifræðings gefur því samtals einungis 12 stig skv. Kennaraskrá ríkis og sveitarfélaga, dags. 1.8.1997.

6. Starfsþjálfun iðnmeistara með fleiri en eitt meistarabréf

Til að fá iðnmeistarabréf þarf tveggja ára starfsþjálfun undir stjórn meistara eftir að sveinsprófi lauk / eða 1 ár undir stjórn meistara ef sveinsbréfið er útgefið eftir 1. janúar 1989.

Undanþága er veitt frá margföldum starfsreynslutíma í þeim tilvikum þegar sótt er um fleiri en eitt meistarabréf á skyldum fagsviðum, ef jákvæð umsögn fæst frá viðkomandi fagfélögum.

7. Starfsþjálfun tæknifræðinga

Krafist er 6 mánaða starfsþjálfunar í eigin starfsgrein fyrir tæknifræðipróf. Ljúka má starfsþjálfuninni á námstíma.


8. B.Ed.-kennaranám

B.Ed.-nám miðar að kennslu í grunnskóla og kemur ekki til álita sem viðbótarnám í frhsk.

Samkvæmt Kennaraskrá geta 50 ECTS einingar úr B.Ed.-námi gengið upp í 60 ECTS ein. UK-nám.

Viðauki 4.
Yfirlit yfir störf og verkefnastjórnun.

Störf
Gæðastjóri
Kennari
Náms- og starfsráðgjafi
Forvarnarfulltrúi
Félagsmálaafulltrúi
Skólastjórar (10)
Námsstjóri
Áfangastjóri
Rekstrar- og fjármálastjóri
Stallari
Verkefnastjórn
Raftækniskólinn
Yfirkennari á sterkstraumssviði
Hársnyrtiskólinn
Yfirkennari
Hönnunar og Handverksskólinn
Verkefnisstjórn á fataiðnbraut
Verkefnisstjórn á gull- og silfursmíðabraut
Byggingartækniskólinn
Verkefnastjórn á húsasmíðabraut (HÚ03)
Verkefnastjórn á húsgagna- og húsasmíðabraut (HÚ03 og HS03)
Verkefnastjórn á málarabraut (MÁ03)
Verkefnastjórn á vegg- og dúkarabraut (VD03)
Verkefnastjórn á tækniteiknarabraut (TT07)
Verkefnastjórn á múrarabraut
Upplýsingatækniskólinn
Verkefnastjórn í ljósmyndun
Verkefnastjórn í Margmiðlunarskóla
Verkefnastjórn á tölvubraut
Verkefnastjórn á upplýsinga- og fjölmiðlabraut
Önnur verkefnastjórn
Verkefnastjóri í dönsku
Verkefnastjóri í ensku
Verkefnastjóri í íslensku
Verkefnastjóri í stærðfræði
Verkefnastjórn á Háteigsvegi- útibússtjóri



Viðauki 5. Bókanir með stofnanasamningi TS**Gæðastarf og upplýsingatækni**

Samstarfsnefnd TS mun á haustönn 2010 gera könnun á störfum og starfsumhverfi félagsmanna KÍ í TS vegna starfa samkvæmt rekstrarhandbók TS og vegna notkunar upplýsingatækni í skólasterfinu. Við yfirferð á niðurstöðum könnunar mun samstarfsnefnd hafa til hliðsjónar almennar starfsskyldur félagsmanna KÍ.

IR-launaprep

Skv. stofnanasamningi TS er eitt launaprep komið úr viðauka 8 í stofnanasamningi Iðnskólans í Reykjavík (IR), sem upphaflega tók gildi 1. september 2007, og sem er núna hluti af forsendum launaröðunar allra félagsmanna KÍ í TS, skv. ákvæðum stofnanasamningsins. Samstarfsnefnd TS er sammála um að færa þetta launaprep inn í launatöflu TS og mun meta málin þegar þar að kemur.

Hraðnám rafiðna

Samstarfsnefnd er sammála um að gera úttekt á hraðnámi rafiðna, forsendum, fyrirkomulagi og áhrifum á námsframvindu nemenda og vinnu kennara, sbr. einnig greinargerð Baldurs Gíslasonar skólameistara til samstarfsnefndar IR, dags. 30.1.2008, um hraðnám rafiðna. Úttektinni skal lokið fyrir lok september 2010.

VB
SJA BJBS ASH